



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 26. febrúar 2026

SFS26020154

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að leggja af nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs

Lagt er til að nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs verði lögð af.

Greinargerð

Þann 11. nóvember 2002 var lögð fram og samþykkt tillaga um veitingu nemendaverðlauna í Fræðsluráði Reykjavíkur. Markmið nemendaverðlauna var að hvetja nemendur í grunnskólum til að leggja sig enn betur fram til að skara fram úr í námi, í félagsstarfi eða í skapandi starfi. Vorið 2003 voru verðlaunin veitt í fyrsta sinn.

Í upphafi var tilhögun afhendingar verðlaunanna þannig háttað að fyrst voru veitt verðlaun innan skólans til nemanda og þau afhent við útskrift að vori. Þegar nemendaverðlaun höfðu verið ákveðin í skólanum voru upplýsingar um viðkomandi nemanda sendar valnefnd verðlaunanna á þar til gerðu eyðublaði fyrir lok maí. Fræðsluráð skipaði valnefnd til að velja úr þeim hópi sem hafði fengið verðlaun í sínum skóla. Þrír nemendur voru síðan valdir úr hópnum sem tilnefndur var til valnefndar og hlutu 3 nemendur af heildinni verðlaun frá ráðinu. Fræðsluráð afhenti nemendaverðlaunin og viðurkenningarnar við hátíðlega athöfn í byrjun júní. Verðlaun hafa ætíð verið í formi bóka og gæfa.

Í áranna rás hefur framkvæmd nemendaverðlauna breyst nokkuð frá upphaflegum áherslum. Í stað þriggja nemenda sem tilnefndir voru frá hverjum skóla þá tilnefnir hver skóli aðeins einn nemanda. Þau sem tilnefnd eru fá verðlaun við sérstaka sameiginlega athöfn en ekki við skólaslit og svo aftur við aðra sérstaka sameiginlega athöfn verðlaunahafa fyrir 1., 2. og 3. sæti þeirra sem tilnefnd voru. Því hefur starfsemi valnefndar lagst af.

Síðastliðin ár hefur tilnefningum til verðlaunanna fækkað verulega. Vorið 2025 var svo komið að einungis níu skólar tilnefndu einn nemanda á sínum vegum til verðlaunanna. Fella þurfti niður viðburð vegna afhendingar sökum ónógrar þátttöku. Þeir nemendur sem tilnefndir voru til verðlaunanna fengu eftir sem áður bækur sem keyrðar voru út í skólana og sáu stjórnendur um afhendingu verðlaunanna.

Árlegur kostnaður vegna kaupa á bókaverðlaunum hefur verið breytilegur eftir fjölda tilnefndra. Kostnaður getur hlaupið á 400-600 þúsund krónum fyrir verðlaun auk kostnaðar við afhendingarathöfn og aðkomu starfsfólks við undirbúning.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs verði lögð af.